

Fundargerð aðalfundar VR 2023 haldinn 29. mars 2023

Staðfundur á Hótel Reykjavík Grand og fjarfundur

Formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

1. Kosinn fundarstjóri

Ragnar Þór stakk upp á Guðmundi B. Ólafssyni, lögmanni VR, sem fundarstjóra. Ekki komu aðrar uppástungur og var Guðmundur kosinn fundarstjóri og tók við stjórn fundarins.

Fundarstjóri úrskurðaði því næst um lögmæti fundarins. Hann sagði að fundurinn hafi verið auglýstur í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu 18. mars og auglýstur á vef VR og samfélagsmiðlum félagsins frá 17. mars.

Reikningar, endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðendum, sex tillögur stjórnar að breytingum á lögum félagsins og ein breytingartillaga stjórnar á Reglugerð Sjúkrasjóðs VR lágu frammi á skrifstofum félagsins og á vefnum.

Til fundarins hafi því verið boðað með lögmætum hætti sbr. 23 gr. laga VR.

2. Kosinn ritari

Guðmundur stakk upp á Steinunni Böðvarsdóttur, sviðsstjóra þróunarsviðs VR, sem fundarritara. Ekki komu aðrar uppástungur og var Steinunn kosin fundarritari.

Fundarstjóri fór því næst yfir tilhögun fundarins. Túlkun á ensku væri í boði í fjarfundi og aðgangur að gögnum fundarins á ensku væri frá vefsíðu VR, vr.is/en, en að kynningar á fundinum væru á íslensku. Hann benti á QR kóða sem hægt væri að nálgast á borðum fundargesta og í spjalli.

Fundarstjóri óskar því næst eftir því að gera breytingu á áður auglýstri dagskrá og skjóta inn lið undir heitinu Afhending gullmerkis VR. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bauð formanni VR að koma upp og afhenda gullmerki VR.

3. Gullmerki VR

Ragnar Þór formaður VR afhenti systrunum Júníu og Málfríði Þorkelsdætrum gullmerki VR fyrir góða þjónustu í þágu félagsins. Júnía og Málfríður unnu á skrifstofu VR á Akranesi frá sameiningu VR og Verslunarmannafélags Akraness árið 2002.

Júnía var á þeim tíma formaður VA og Málfríður starfaði á skrifstofu þess félagsins. Það var að frumkvæði VA að félögin sameinuðust og að á Akranesi myndi starfa skrifstofa VR. Þar eru nú 5 störf og var sameiningin mikil lyftistöng fyrir bæjarfélagið.

Það er óhætt að segja að þær systur séu vel komnar að því að vera sæmdar gullmerki VR þar sem þær hafa lagt þung lóð á vogarskálarnar ekki bara í starfi sínu í þjónustuveri og á kjarasviði VR um 20 ára skeið heldur einnig gagnvart bæjarfélaginu á Akranesi, sagði formaður VR við afhendinguna.

Fundargestir stóðu upp og fögnuðu gullmerkishöfum 2023 með lófataki.

4. Skýrsla stjórnar

Ragnar Þór, formaður VR, fór næst yfir skýrslu stjórnar starfsárið 2022 – 2023. Hann sagði kjarasamninga og ótrygga stöðu efnahagsmála hafa sett mark sitt á störf stjórnar á árinu, en undir lok árs 2022 voru undirritaðir kjarasamningar til eins árs á sama tíma og verðbólgan fór á flug.

Undirbúningur kjarasamninga hófst strax í upphafi árs 2022 með könnun meðal félagsfólks sem lagði grunninn að næstu skrefum í kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins. Eftir árangurslausu fundi var deilunni vísað til ríkissáttasemjara en VR lýsti var yfir árangursleysi viðræðna undir lok nóvember 2022. Félagið tók höndum saman með samfloti iðn- og tæknifólks í byrjun desember og um miðjan desember var skrifað undir kjarasamning. Undirbúningur næstu samninga er þegar hafinn og lagði Ragnar Þór áherslu á það í ræðu sinni að verkalýðshreyfingin komi sameinuð að þeim viðræðum.

Ragnar Þór fór því næst yfir starfsemi félagsins á starfsárinu. Félagssólki fjölgaði mikið á milli ára og hefur fjölgað um þriðjung á síðasta áratug. Félagssólki af erlendu bergi brotið hefur fjölgað mikið og er nú um 14% af félagssólki.

Tæplega fjórðungi fleiri mál komu til kasta kjaramálasviðs árið 2022 en árin tvö á undan en þá varð umtalsverð fækkun vegna Covid-19, sagði Ragnar. Sjá má aukningu í fjölda félagsfólks sem fær greidda sjúkradagpeninga, þvert á þróun tveggja ára þar á undan. Rúmlega þriðjungur greiddra dagpeninga er vegna geðraskana en það hlutfall var um fjórðungur árið 2007. Ragnar Þór lagði áherslu á mikilvægi þess að verkalýðshreyfingin bregðist við þessari þróun. Félagssólki sem sótti í VR varasjóð fjölgaði en eilítil fækkun varð í umsóknum í starfsmenntasjóði á milli ára.

Þjónusta félagsins hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum, á tímum Covid færðist hún að stórum hluta á netið en VR hafði árin á undan lagt áherslu á að þróa og bæta rafræna þjónustu félagsins. Það skilaði félagssólki góðum ávinningi í Covid og er margt af því sem þá var gert komið til að vera, félagssólki til hagsbóta.

Ragnar Þór fjallaði um nefndarstarf félagsins sem hann sagði gegna lykilhlutverki í starfseminni. Nefndir um húsnæðismál, starfsmenntamál og jafnréttis- og mannréttindamál starfa hjá félaginu auk fjölmargra annarra.

Ragnar Þór fór því næst yfir húsnæðismálin sem hafa verið eitt af helstu málum í kjarasamningaviðræðum síðustu ár og taldi hann að svo yrði áfram í þeim viðræðum sem nú eru hafnar. Hann sagði frá því að VR hafi á starfsárinu stofnað félagið VR Blæ ehf. og VR Blæ leigufélag slhf. til að annast uppbyggingu á lóð félagsins í Úlfarsárdal. Skrifað hefur verið undir samstarfssamning við Íslenska aðalverktaka um þróun og byggingu 36 leiguíbúða á lóðinni sem leigðar verða til félagsfólks VR.

Starfsmenntamálin verða æ mikilvægari sagði Ragnar Þór. Eitt af áhersluverkefnum starfsmenntanefndar á þessu starfsári var starfsþróunarráðgjöf fyrir félagsfólk í samstarfi við Mími-símenntun. Um miðjan mars undirrituðu VR og Samtök verslunar og þjónustu samstarfssamning um aukna hæfni í verslun og þjónustu en VR hefur lengi lagt áherslu á að efla færni verslunarfólks.

Ragnar Þór þakkað stjórn, trúnaðarráði, starfsfólki félagsins og félagsfólki öllu samstarfið á því starfsári sem nú er að líða og bauð nýtt fólk í stjórn og trúnaðarráð velkomið, hann hlakki til að starfa með öllum að næstu verkefnum.

Fundarstjóri óskaði eftir því að umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins yrðu teknar saman að lokinni yfirferð yfir reikninga félagsins. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

5. Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri VR fór yfir reikninga félagsins og studdist við glærur í þeirri yfirferð.

Stefán byrjaði á því að fara yfir breytta framsetningu vegna VR varasjóðs en skuldbinding sjóðsins vegna sérgreindra réttindainneigna félagsfólks í árslok, sem áður var getið í skýringum, er nú færð í fyrsta sinn sem skuldbinding í efnahagsreikning. Staða hennar var 2,3 ma. í árslok 2021.

Stefán fór því næst yfir helstu lykiltölur starfseminnar á árinu 2022. Félagsfólki fjölgaði um 5,5% á árinu en fullgildu félagsfólki fjölgaði um 4,6%. Félagsfólk VR er nú um 17-18% af heildarfjölda á almennum vinnumarkaði.

Mikið hefur dregið úr atvinnuleysi meðal félagsfólks eftir Covid faraldurinn. Fjölgun varð í afgreiðslum við félagsfólk á netinu milli ára en símtölum og tölvupóstum fækkaði, en hafa verður í huga áhrif Covid á árinu 2021. Fjöldi mála á kjaramálasviði félagsins eykst einnig.

Heildarafkoma ársins 2022 er neikvæð um 59 m.kr. en batnar um 361 m.kr. fyrir fjármagnsliði. Rekstrartekjur hækkuðu um 698 m.kr. eða um 15,2% en gjöld um 337 m.kr. sem er 7,6%. Þegar litið er á tekjuhliðina má sjá að iðgjaldatekjur hækkuðu um 16,3% sem var meira hjá Sjúkra- og Orlofsjóði félagsins en félagssjóði vegna minnkandi atvinnuleysis. Hvað varðar gjaldahliðina sagði Stefán að dagpeningar og styrkir Sjúkrasjóðs hafi hækkað um 25,4% og sjúkrasjóðsiðgjöld um tæp 18%. Hlutfall sjúkradagpeninga af iðgjöldum var 75,6% 2022 sem er 5,5% hækkun milli ára sem skýrist mest af aukningu í greiðslu dagpeninga umfram tekjur.

Hvð varðar orlofsþjónustu benti Stefán á að félagið hafi tekið í notkun ný hús á árinu, nýting húsa félagsins er svipuð milli ára. Sala gjafabréfa í flug margfaldast hins vegar á milli ára en minni sala er í veiði- og útilegukortum.

Ávöxtun verðbréfasafna félagsins var neikvæð árið 2022, raunávöxtun lækkar milli ára úr 4,6% í -11,9% sem er 16,5% breyting. Um helmingur neikvæðrar ávöxtunar ársins er vegna ÍLS bréfa. Fimm ára meðalnafnávöxtun er jákvæð um 5,82%.

Eignir í árslok 2022 nema 16,1 ma.kr. og hafa hækkað um 45% á sjö árum. Eigið fé lækkað í ársbyrjun um 2,1 ma.kr. vegna skuldbindingar VR varasjóðs við félagsfólk eða sem nemur 13% lækkun á eiginfjárlutfalli. Eiginfjárlutfall var 95% samkvæmt ársreikningi 2021 en 81% m.t.t. lækkunar vegna skuldbindingar varasjóðs. Eiginfjárlutfall í árslok 2022 var 83%.

Að framsögu Stefáns lokinni opnaði fundarstjóri fyrir umræður. Fundastjóri hvatti fólk til að láta vita ef það vildi taka þátt í umræðum með handauppréttingu eða með því að gefa merki á fjarfundi. Hann benti fólki á staðfundi að koma upp og tala í míkrófóninn á miðju gólfi og fólki í fjarfundi að skrá sínar spurningar í spjall.

Enginn tók til máls og lagði fundarstjóri reikninga fyrir fundinn í rafrænni atkvæðgreiðslu.

Reikningarnir voru samþykktir, niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru sem hér segir: Já sögðu 90, 1 sagði nei og 2 tóku ekki afstöðu.

6. Samþykkt framlag í VR varasjóð:

Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri VR kynnir tillögu stjórnar um framlag í VR varasjóð.

Tillagan er eftirfarandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 29. mars 2023, samþykkir að framlag í VR varasjóð verði samtals 905.000.000 kr. fyrir árið 2022.

Úr Sjúkrasjóði VR koma 645 m.kr. og úr Orlofssjóði koma 260 m.kr.

Til viðbótar koma aukakaup vegna iðgjalda félagsmanna sem eru í vanskilum þegar greitt verður inn í VR varasjóð eftir aðalfund VR 2023.“

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um framlag í VR varasjóð. Enginn tók til máls og lagði fundarstjóri tillöguna fyrir fundinn í rafrænni atkvæðgreiðslu.

Tillagan var samþykkt, niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru sem hér segir: Já sögðu 92, enginn sagði nei og 1 tók ekki afstöðu.

7. Lagabreytingar

Harpa Sævarsdóttir, formaður laganefndar, kynnti sex tillögur stjórnar að lagabreytingum. Þær eru sem hér segir:

1.gr. Heiti, starfssvæði

Lögð er til breyting á félagssvæði félagsins þannig að lögin séu uppfærð miðað við sameiningu sveitarfélaga sem hefur orðið á síðustu árum.

Greinin var svohljóðandi:

„Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.“

Verður (viðbót í **rauðu**)

„Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness, **Hvalfjarðarsveitar**, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, **Múlaþings**, Fljótsdalshrepps og Fjarðabyggðar. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. “

3.gr. 4. mgr. – Félagsaðild (eldri félagar)

Það hefur orðið sú breyting að félagsfólk er að fara fyrir á lífeyri og því þykir rétt að binda ekki við ákveðinn aldur hvenær félagsfólk getur orðið eldra félagsfólk með þeim réttindum sem því fylgir.

Greinin var svohljóðandi:

„Eldri félagsmenn sem fá greiddan ellilífeyri og sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna, við 67 ára aldur, teljast áfram félagsmenn í VR en njóta ekki kjörgengis. Þeir félagsmenn sem kjósa að hefja töku eftirlauna við 65 ára aldur geta viðhaldið réttindum með því að greiða félagsgjald af ellilífeyrisgreiðslum, hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarféлага, til 67 ára aldurs. Þeir skulu hafa verið í félaginu a.m.k. samfelld í 5 ár fyrir töku eftirlauna.“

Verður:

„Eldri félagsmenn sem fá greiddan ellilífeyri og sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár samfelld fyrir töku eftirlauna teljast áfram félagsmenn í VR en njóta ekki kjörgengis.“

10. gr. Stjórn

Lagt er til að inn í 10. gr. verði bætt við setningu um að stjórn félagsins skuli setja sér starfsreglur. Ekki er um efnisbreytingu að ræða þar sem stjórn félagsins hefur sett sér og haft starfsreglur í mörg ár og er það hluti af góðum stjórnarháttum hjá stjórn

félagsins. Rétt þykir að í lögum félagsins sé kveðið skýrt á um að stjórninn ber að setja sér starfsreglur.

Greinin var svohljóðandi:

„Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, með-stjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.“

Verður (viðbót í **rauðu**):

”Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. **Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur.** Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.”

12. gr., 7 mgr. Störf stjórnar

Í lögum félagsins í dag er jákvæð heimild að formaður geti jafnframt verið framkvæmdastjóri félagsins. Rétt þykir að setja skýr mörk milli formanns og framkvæmdastjóra þannig að formaður geti ekki jafnframt verið framkvæmdastjóri.

Greinin var svohljóðandi:

„Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Heimilt er að ráða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn og semur um kjör þeirra. Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.“

Verður (breyting í **rauðu**):

”Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. **Stjórn er ekki er heimilt að ráða, stjórnarfolk eða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess.** Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn og semur um kjör þeirra. Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.”

Ný 8. mgr., 12. gr. Störf stjórnar

Lagt er til að inn í lögin komi fram grunnskyldur stjórnarmanna en um slíkt er ekkert fjallað í lögum félagsins í dag.

Greinin verður:

”Stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.”

Gr. 20.4. Um kjörseðla og röðun á lista

Lagt er til að breytt verði því hvernig frambjóðendum er raðað á kjörseðil. Atkvæðagreiðsla hefur verið rafræn undanfarinn ár. Að raða upp frambjóðendum í stafrófsröð getur leitt til þess að frambjóðendur sem eru aftarlega í stafrófinu sjást ekki strax á kjörseðlinum og skrolla þarf niður til að finna þá á kjörseðlinum. Til að gæta betur jafnræðis er lagt til að frambjóðendum verði raðað í handahófskenndri röð annað hvort með því að dregið verði um röð frambjóðenda á kjörseðli eða að kjörseðillinn verði breytilegur eftir því hvenær er náð í hann.

Greinin var svohljóðandi:

„Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.“

Verður (breyting í **rauðu**):

”Við kosningu til stjórnar:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn í **handahófskenndri röð** og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. og skal sú kynjaflétta halda áfram til röðunar varamanna. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.”

Að lokinni kynningu Hörpu opnaði fundarstjóri fyrir umræður.

Gísli Jafetsson spurði um breytingu á 1. gr., *Heiti, starfssvæði*, hvort ekki væri hægt að segja að allt landið væri undir?

Hann spurði jafnframt um gr. 12. *Störf stjórnar*, hvort slíkt væri ekki brot á lögum um félagafrelsi?

Stefán Sveinbjörnsson svaraði fyrri spurningunni á þann veg að umræður hafi átt sér stað um að gera félagið að landsfélagi og að slík umræða myndi halda áfram, en að það yrði ekki vel séð að sagt yrði í greininni að allt landið væri undir.

Ragnar Þór Ingólfsson svaraði síðari spurningunni þannig að markmiðið væri að skerpa á aðskilnaði á hinu verkalýðspólitíska starfi og starfsemi skrifstofunnar, ekki væri um að ræða skerðingu á félagafrelsi.

Fundarstjóri, sem jafnframt er lögmaður félagsins, benti á að það væri hlutverk stjórnar að hafa eftirlit með störfum skrifstofu og framkvæmdastjóra og því eðlilegt að það sé ekki á sömu hendi.

Jóhann Már Sigurbjörnsson spyr hvort óbreyttur starfsmaður geti ekki verið í stjórn VR.

Stefán svaraði því til að tillagan sneri eingöngu að framkvæmdastjóra.

Fleiri tóku ekki til máls og lagði fundarstjóri tillögurnar fyrir fundinn í rafrænni atkvæðgreiðslu, eina tillögu í einu. Allar voru samþykktar og voru niðurstöðurnar sem hér segir:

Tillaga # 1:

1.gr. Heiti, starfssvæði

Tillagan var samþykkt, 92 sögðu já, 2 sögðu nei og 3 tóku ekki afstöðu.

Tillaga #2:

3.gr. 4. mgr. – Félagsaðild (eldri félagar)

Tillagan var samþykkt, 85 sögðu já, 5 sögðu nei og 3 tóku ekki afstöðu.

Tillaga #3:

10. gr. Stjórn

Tillagan var samþykkt, 86 sögðu já, 1 sagði nei og 7 tóku ekki afstöðu.

Tillaga #4:

12. gr., 7 mgr. Störf stjórnar

Tillagan var samþykkt, 90 sögðu já, 1 sagði nei og 3 tóku ekki afstöðu.

Tillaga #5:

Ný 8 mgr., 12 gr. Störf stjórnar

Tillagan var samþykkt, 86 sögðu já, 2 sögðu nei og 5 tóku ekki afstöðu.

Tillaga #6:

20.4 gr. Um kjörseðla og röðun á lista

Tillagan var samþykkt, 78 sögðu já, 9 sögðu nei og 7 tóku ekki afstöðu.

Fundarstjóri lagði því næst lög VR með samþykktum breytingum fyrir fundinn í rafrænni atkvæðagreiðslu. Lögin voru samþykkt og voru niðurstöður atkvæðagreiðslunnar sem hér segir: Já sögðu 92 og 3 sögðu nei.

8. Reglugerðarbreytingar

Tillaga að breytingu á 11. gr. reglugerðar Sjúkrasjóðs VR. Þórir Hilmarsson, formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, kynnir tillöguna.

Þórir sagði mistök hafa verið gerð við síðustu breytingu á reglugerð Sjúkrasjóðs VR árið 2022 þegar gr. 12 var felld á brott í heild sinni. Ekki hafi staðið til að dánarbætur vegna barna félagsfólks myndi falla á brott. Því er lagt til að sú málsgrein verði endurvakin í reglugerðinni og verði felld inn í núverandi 11.gr.

Greinin var svohljóðandi:

11. gr. Dánarbætur

”VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.”

Verður (viðbót í **rauðu**):

11. gr. Dánarbætur

”VR greiðir dánarbætur við dauðsfall fullgildra félagsmanna. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði og úthlutað samkvæmt gildandi starfsreglum Sjúkrasjóðs VR.

Heimilt er auk þess að greiða dánarbætur vegna barna félagsmanna, yngri en 18 ára, eins og kveðið er á um í starfsreglum sjóðsins hverju sinni.”

Að lokinni kynningu Þóris opnaði fundarstjóri fyrir umræður.

Enginn tók til máls og lagði fundarstjóri tillöguna fyrir fundinn í rafrænni atkvæðgreiðslu.

Tillagan var samþykkt, niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru sem hér segir: Já sögðu 89, enginn sagði nei og 2 tók ekki afstöðu.

Fundarstjóri lagði því næst fyrir fundinn Reglugerð Sjúkrasjóðs í heild sinni með áorðnum breytingum. Hún var samþykkt og voru niðurstöður atkvæðagreiðslunnar sem hér segir: Já sögðu 90, enginn sagði nei og 1 tók ekki afstöðu.

9. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs.

Fundarstjóri fór yfir kosningar til forystu félagsins og aðdraganda að þeim. Þann 25. janúar 2023 auglýsti kjörstjórn VR eftir áhugasömum til að starfa fyrir félagið kjörtímabilið 2023 – 2025. Auglýst var eftir framboðum til formanns, sjö sæta í aðalstjórn VR til tveggja ára og þriggja til vara til eins árs sem og listaframboðum fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Framboðsfrestur var til kl. 12:00 á hádegi 6. febrúar 2023.

Alls bárust tvö einstaklingsframboð til formanns og sextán einstaklingsframboð til stjórnar og úrskurðaði kjörstjórn öll löglega fram borin. Ekkert móttframboð barst í listakosningu til trúnaðarráðs.

Atkvæðagreiðsla meðal kosningabærs félagsfólks VR stóð frá 8. mars til 12:00 að hádegi þann 15. mars. Atkvæðagreiðslan var rafræn. Atkvæðu greiddu 11.997 en á kjörskrá voru 39.206 VR félagar. Kosningaþátttaka var 30,6% sem er mesta þátttaka í kosningum til forystu VR frá upphafi.

Niðurstöður voru sem hér segir:

Formaður til tveggja ára:

Ragnar Þór Ingólfsson

Sjö stjórnarmenn til tveggja ára skv. fléttulista eins og kveðið er á um í 20. gr. laga VR.

Halla Gunnarsdóttir
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Jennifer Schröder
Þórir Hilmarsson
Vala Ólöf Kristinsdóttir

Þrír varamenn í stjórn VR – til eins árs:

Ævar Þór Magnússon
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Gabríel Benjamin

Þar sem ekkert móttframboð barst í listakosningu til trúnaðarráðs var listi stjórnar- og trúnaðarráðs sjálfkjörinn.

41 til trúnaðarráðs í listakosningu til tveggja ára:

Alina Vilhjálmsdóttir
Anna Þórðardóttir Bachmann
Álfhildur Sigurjónsdóttir Heide
Arnar Þorvarðsson
Árni Guðmundsson
Áslaug Alexandersdóttir
Birgitta Ragnarsdóttir
Björg Gilsdóttir
Björgvin Ingason
Björn Axel Jónsson
Bryndís Guðnadóttir
Freyja L. Norðdahl
Guðlaug Rúna Guðmundsdóttir
Guðlaugur Sæmundsson
Guðmunda Ólafsdóttir
Hafliði Ingason
Halldóra Magnúsdóttir

Halldóra Magnúsdóttir
Halldóra María Steinarsdóttir
Ingimar Þorsteinsson
Ísfold Kristjánsdóttir
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Jón Guðmundur Björgvinsson
Jón Hrafn Guðjónsson
Jón Tryggvi Unnarson Sveinsson
Kristinn Örn Jóhannesson
Lára Jherry Mei Rosento
Mateusz Gabriel K. Róbertsson
Páll Örn Líndal
Ragnar Orri Benediktsson
Selma Kristjánsdóttir
Sesselja Jónsdóttir
Sigurbjörg Þorláksdóttir
Sigmundur Halldórsson
Soffía Óladóttir
Stefán Viðar Egilsson
Stefanía Fanney Jökulsdóttir
Steinar Viktorsson
Svanur Þór Valdimarsson
Þóra Kristín Halldórsdóttir
Þröstur Ríkarðsson
Valdimar Leó Friðriksson

Fundarstjóri lýsti því yfir að öll ofangreind teljist réttkjörin til trúnaðarstarfa fyrir VR samkvæmt lögum félagsins.

10. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu og tveggja félagslega kjörinna skoðunarmanna.

Fundarstjóri kynnir tillögurnar.

a. Tillaga stjórnar er að PWC sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2022 og er tillagan svo hljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 29. mars 2023, samþykkir að endurskoðunarskrifstofan PWC hf. sjái um endurskoðun félagsins fyrir reiknisárið 2023.“

Fundarstjóri opnar fyrir umræðu um tillöguna. Enginn tók til máls og bar fundarstjóri hana upp til atkvæða með handauppréttingu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

b. Tillaga stjórnar er um Hörpu Sævarsdóttur og Svein Enok Jóhannsson sem skoðunarmenn VR og Þóru Öfjörð Skúladóttur til vara, sbr. 27. gr. laga VR.

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 29. mars 2023, samþykkir að skoðunarmenn VR, sbr. 27. gr. laga VR, verði Harpa Sævarsdóttir og Sveinn Enok Jóhannsson. Til vara verði Þóra Skúladóttir Öfjörð.“

Fundarstjóri opnar fyrir umræðu um tillöguna. Enginn tók til máls og bar fundarstjóri hana upp til atkvæða með handauppréttingu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

11. Ákvörðun félagsgjalds. (sbr. 9.gr. laga VR)

Fundarstjóri kynnir tillögu um félagsgjald.

Tillaga stjórnar er um óbreytt félagsgjald og er svohljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Grand hóteli Reykjavík miðvikudaginn 29. mars 2023, samþykkir að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af heildarlaunum, og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum afgreiðslufólks frá og með sama tíma. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% renna í Félagssjóð VR og 0,05% renna í Vinnudeilusjóð VR.“

Fundarstjóri opnar fyrir umræðu um tillöguna. Enginn tók til máls og bar fundarstjóri hana upp til atkvæða með handauppréttingu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

12. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir, formaður launanefndar VR, kynnir tillögu stjórnar. Sigríður Lovísa sagði að tillögur nefndarinnar um stjórnarlaun taki við af meðalgrunnlaunum hjá VR. Gert er ráð fyrir 12 tímum í stjórnarstörf á mánuði og að 97% þeirrar vinnu séu unnin utan hefðbundins dagvinnutíma. Lagt er til að stjórnarlaun verði kr. 74.993 að mánuði. Að auki sé greitt sérstaklega fyrir nefndarsetu, sem áætluð sé um 3 klst. á mánuði.

Tillagan er svo hljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 29. mars 2023, samþykkir að stjórnarlaun verði 74.993 kr. á mánuði fyrir komandi starfsár stjórnar. Varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmenn í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum. Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmenn og varastjórnarmenn 6.294 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund í nefndum á vegum VR.“

VR greiðir ferðakostnað til Reykjavíkur vegna stjórnarfunda stjórnarmanna VR sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“

Enginn tók til máls og lagði fundarstjóri tillöguna fyrir fundinn í rafrænni atkvæðgreiðslu.

Tillagan var samþykkt, niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru sem hér segir: Já sögðu 63, 16 sögðu nei og 11 tóku ekki afstöðu.

13. Ákvörðun um laun skoðunarmanna

Fundarstjóri kynnir tillögu stjórnar um að greiða hverjum skoðunarmanni kr. 74.993 á ári. Tillagan er svo hljóðandi:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hótel Reykjavík Grand miðvikudaginn 29. mars 2023, samþykkir að greiða hverjum skoðunarmanni VR 74.993 kr. á ári.“

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um tillöguna.

Enginn tók til máls og lagði fundarstjóri tillöguna fyrir fundinn í rafrænni atkvæðgreiðslu.

Tillagan var samþykkt, niðurstöður atkvæðagreiðslunnar voru sem hér segir: Já sögðu 67, 10 sögðu nei og 8 tóku ekki afstöðu.

14. Önnur mál.

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum frá stjórn félagsins og opnaði fundarstjóri fyrir almennar fyrirspurnir og umræður.

Sigrún Lína Þórdísardóttir spurði um orlofshúsin, hvor stefnt væri að því að uppfæra bústaðina og fjölga þeim?

Ragnar Þór sagði svarið einfalt, verið væri að uppfæra bústaðina og að fjölga þeim. Það væri skýr stefna félagsins í þessum málaflokki.

Ingibjörg Númadóttir spurði hvort starfsmenntanefnd myndi beita sér fyrir því að erlent afgreiðslufólk læri íslensku. Hvort slíkt væri áhersla hjá félaginu?

Ragnar Þór sagði frá því að félagið hafi nýlega skrifað undir tímamótasamning við SVP um endurmenntun starfsfólks í verslun og að innan þess samnings væri áhersla á íslenskukennslu.

Jóhann Már Sigurbjörnsson bendir á að Ragnar Þór hafi komið fram með tillögur að aðgerðum sem Seðlabankinn gæti gripið til í stað þess að hækka stýrivexti. Hann spurði hvort til stæði að gera slíkt að kröfu í næstu kjarasamningum.

Ragnar Þór sagði félagið ekki geta gert kröfur á Seðlabankann, VR geri kjarasamning við Samtök atvinnulífsins. Við getum komið með hugmyndir og munum gera það áfram, en munum væntanlega gera kröfur á stjórnvöld samhliða næstu kjarasamningum um úrræði, sagði Ragnar Þór.

Árni Guðmundsson spurði um úthlutunarkerfi orlofshúsa, erfitt væri að komast að til að leigja orlofshús. Hann hefði verið í félaginu í hátt í 20 ár en ekki fengið úthlutað orlofshúsi.

Stefán Sveinbjörnsson svaraði og sagði að til stæði að setja upp biðraðakerfi, sambærilegt því sem KSÍ ynni með.

Hafdís Erla Kristinsdóttir lýsti því yfir að hún væri sammála mikilvægi þess að uppfæra bústaðina og innbú.

Helen Reneé Rasanen vildi benda á að fáir íslenskumælandi velja sér starf í verslun en að það myndi auðvelda samskiptin ef svo væri. Hún benti einnig á undir lok fundarins að það væri ekki auðvelt að læra íslensku utan vinnu og að atvinnurekendur þyrftu að veita starfsfólki tækifæri í vinnutíma til að sækja sér það nám.

Fundarstjóri óskar eftir samþykki fundarins fyrir því að hann gangi frá fundargerð ásamt fundarritara. Samþykkt.


Fundarritari þakkaði því fyrir fundinn og gaf formanni orðið til að slíta fundi.

Ragnar Þór þakkaði fundarstjóra og fundarritara sem og starfsfólki fyrir skipulag og utanumhald fundarins. Hann sagði mörg stór og krefjandi verkefni framundan, í innra skipulagi hreyfingarinnar, kjarasamningum, húsnæðismálum o.fl. Hann sagði að innan verkalýðshreyfingarinnar væri mikilvægt að fólk snúi bökum saman í þessum verkefnum.

Hann kvaðst hlakka til að vinna með nýju fólki í stjórn og trúnaðarráði og þeim sem eru fyrir sem og starfsfólki og félagsfólki.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:45.

Alls mættu 92 á staðfund og 37 á fjarfund þegar mest var.



Guðmundur B. Ólafsson fundarstjóri



Steinunn Böðvarsdóttir fundarritari